

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 222/2022

2023/EES/24/22

frá 8. júlí 2022

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/116 frá 1. febrúar 2021 um að koma á fót fyrsta sameiginlega verkefninu sem styður við framkvæmd evrópsku mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 409/2013 og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2014 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (EB) nr. 550/2004 gildir ekki gagnvart Liechtenstein, með skírskotun til ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/116 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2014 ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 4) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 66ub (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 409/2013):

„, breytt með:

- **32021 R 0116:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/116 frá 1. febrúar 2021 (Stjútíð. ESB L 36, 2.2. 2021, bls. 10).“

2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 66uc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2014):

„**32021 R 0116:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/116 frá 1. febrúar 2021 um að koma á fót fyrsta sameiginlega verkefninu sem styður við framkvæmd evrópsku mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 409/2013 og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2014 (Stjútíð. ESB L 36, 2.2.2021, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í viðaukanum bættist flugvöllurinn „Oslo Gardermoen“ við listana yfir flugvelli í liðum 1.2.1., 1.2.2., 2.2.1. og 2.2.3.“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 36, 2.2.2021, bls. 10.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 18, og EES-viðbætur nr. 44, 7.9.2022, bls. 15.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 190, 28.6.2014, bls. 19.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/116, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.